

Alþingi - Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 16. mars 2016
UST201603-033/P.V.B.
04.04

Umsögn: Þingsályktunartillaga um áhættumat vegna ferðamennsku - 326. mál


Umhverfisstofnun vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis (Atvinnuveganefnd), dags. 2. mars 2016, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku.


Í tillögunni til þingsályktunar kemur fram að Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að koma því til leiðar að Ríkislögreglustjóri geri áhættumat fyrir Ísland með tilliti til ferðamennsku, eftir atvikum í samstarfi við Ferðamálastofu, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Umhverfisstofnun og aðra aðila á vettvangi ferðamála, öryggis- og björgunarmála og náttúruverndar. Í framhaldi af því verði kannað og metið hvort ástæða þyki til að setja sérstakar reglur um ferðir á þeim svæðum sem falla í efsta áhættuflokkinn.

Umhverfisstofnun tekur undir að mikilvægt sé að fram fari áhættumat og þá helst fyrir þá ferðamannastaði sem eru hvað fjölsóttastir þannig að hægt verði að draga úr slysum ferðamanna. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að unnið verði heilstætt áhættumat fyrir fjölsóttu ferðamannastaði og fer þörfin vaxandi með auknum straumi ferðamanna til landsins utan hefðbundins ferðamannatíma. Árið 2011 unnu Ferðamálastofa, Slysavarnarfélagið Landsbjörg og Umhverfisstofnun drög að skýrslu um öryggi á ferðamannastöðum. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að unnið verði eftir eftir þeim tillögum sem þar koma fram. Umhverfisstofnun hefur nú þegar hafið vinnu við gerð öryggisáætlana fyrir þau svæði sem eru í hennar umsjón og landverðir eru starfandi á. Reiknað er með að þeirri vinnu ljúki 2016. Umhverfisstofnun bendir á að Stjórnstöð ferðamála vinni nú að verkefnum sem tengjast öryggi ferðamanna og er vinna þar hafin við að greina fyrirbyggjandi upplýsingar um öryggismál ferðamannastaða sem og gerð tillagna að úrbótum. Í fyrsta áfanga þeirrar vinnu var áherslan lögð á að koma með hnitmiðaðar tillögur að aðgerðum sem hægt er að fara í sumarið 2016 og taldar eru skila sem mestum árangri. Tillögur að aðgerðum eru nú þegar komnar til umfjöllunar innan viðkomandi ráðuneyta.

Umhverfisstofnun leggur til að samhliða eða í kjölfar gerð áhættumats verði unnin aðgerðaáætlun um nauðsynlegar úrbætur á ferðamannastöðum. Hvort sem um er að ræða aukna fræðslu, reglur um ferðir innan svæða í efsta áhættuflokki, innviðaupbyggingu, landvörslu eða eftirlit á fjölsóttum ferðamannastöðum. Þeirri vinnu sem nú þegar er hafin með aðgerðum Stjórnstöðvar ferðamála er því nauðsynlegt að fylgja eftir með frekari aðgerðum fyrir landið í heild sinni.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Sviðstjóri



Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur